

Kópavogsbær
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 5. september 2023
UST202307-303/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting -Deiliskipulag - Brú yfir Fossvog - Kópavogsbær - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs og Reykjavíkur er barst 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að í Kópavogi hefur „*planlega brúarinnar*“ hliðrast um 12 m vestar og í Reykjavík hefur planlega brúarinnar hliðrast um 30 m austur. Einnig eru staðsetningar fyrir göngu- og hjólastíga og áningarstaði uppfærðir, deiliskipulagsmörkum er breytt á nokkrum stöðum, Afmörkun landfyllinga miðar við efri mörk þeirra eins og gert var í upphaflegu deiliskipulagi. Þar fyrir utan bætast við grjótgardar með fláa en umfang þeirra fer eftir aðstæðum á sjávarbotni, háspennustrengur sem lá á milli Kópavogs og Reykjavíkur færður

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin hefur veitt umsagnir varðandi verkefnið á fyrri skipulagsstigum¹²³ og vegna erindis Skipulagsstofnunar dags 24. janúar 2020 um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.⁴

Landfylling og grjótnarnir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver er lengd grjótnarna, hver er stærð landfyllinga, hver er áætluð efnisþörf landfyllingar og hvaða efni á að nota.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er þá um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt.

Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að

¹ <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga%20deiliskipulag%20Br%C3%BA%20yfir%20Fossvog.pdf>

²

<https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Deiliskipulag%20-%20Br%C3%BA%20yfir%20Fossvog%20-%20Tillaga%20%C3%AD%20forkynningu.pdf>

³ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Kopavogur_150118.pdf

⁴ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%c3%a1_umhverfis%c3%a1hrifum_-_Matsskyldufyrirspurn_-_Landfylling_og_br%c3%ba_yfir_Fossvog.pdf

eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri